

VISTSPOR 7



Ef allir lifðu eins og Íslendingar myndum við þurfa að minnsta kosti



jarðir til þess að standa undir neyslu okkar. Munur á vistspori þjóða er mikill og endurspeglar ójöfnuð heimshluta. Á Norðurlöndunum er vistsporið frekar hátt á meðan það er undir meðaltali í mörgum löndum í Afríku og Suður-Asíu. Vistspor er mælt í jarðhekturum. Meðal vistspor í heiminum í dag er 2,7 jarðhektarar en þyrfti að vera 1,6 jarðhektarar svo að allir hefðu jafnan aðgang að auðlindum.


Hvað er vistspor?

Lesið um það hér: [Um víða veröld bls 116](#) og horfið á [skýringarmyndband um vistspor](#)

Hvert er vistsporið þitt? Prófaðu að reikna það út hér: <https://www.footprintcalculator.org/home/en>

Reynið að fylla inn eins nákvæmlega og þið getið en sumar spurningarnar gætu átt meira við fullorðna.

EINN (JARÐ)HEKTARI ER
100X100 METRAR



Svarið eftirfarandi spurningum:

Sérð þú möguleikann á því að minnka vistsporið þitt?

Ef já þá hvernig?

Ef nei þá af hverju ekki?

Sérð þú möguleikann á því að fá fólkið í kringum þig til þess að minnka vistsporið þeirra?

Ef já hvernig?

Ef nei þá af hverju ekki?

Ert þú að gera eitthvað nú þegar sem þú veist að hefur jákvæð áhrif á vistsporið þitt? Ef svo er hvað er það?

ÁSKORUN TIL ÞÍN!

Finndu eina leið til þess að minnka vistsporið þitt og gerðu það

Heimsmarkmið:

12 AÐVIRG NEYSLA
OG FRAMLEIÐSLA



13 AÐGERÐIR Í
LÖFSLAGSMÁLUM



1 KLST